

FUNDARGERÐ

230. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

haldinn í Efstaleiti 1, 103 Reykjavík, 23. júní 2021 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Jóhanna Hreiðarsdóttir, Brynjólfur Stefánsson, Jón Ólafsson, Björn Ólafsson, Mörður Árnason, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Mörður Áslaugarson og Guðlaugur G. Sverrisson. Einnig sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála, og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

1) Fundargerð

Ákveðið var að fresta afgreiðslu fundargerðar síðasta fundar fram til næsta fundar.

2) Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti helstu niðurstöður úr rekstri RÚV í maí. Tekjur séu 32,5 m.kr. yfir áætlun, einkum vegna aukinnar auglýsingasölu. Rekstur deilda sé samkvæmt áætlun og einnig afskriftir rekstrarfjármuna. Fjármagnsliðir voru 1 m.kr. undir áætlun og útlit sé fyrir að rekstur RÚV í maí verði 30-35 m.kr. betri en áætlað var. Endanlegt uppgjör fyrir maí verði fært í stjórnarvefgáttina 30. júní nk. Eftir fyrstu fimm mánuði ársins voru tekjur 57 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir, rekstur deilda sé 14 m.kr. yfir áætlun, afskriftir 3 m.kr. séu undir áætlun og fjármagnsliðir 48 m.kr. voru einnig undir áætlun. Halli á rekstri RÚV á tímabilinu var um 54 m.kr. samanborið við 149 m.kr. halla sem rekstraráætlun gerði ráð fyrir. Óútfærð hagræðingarkrafa hafi verið lækkuð úr 168 m.kr. í um 20 m.kr. í lok maí. Miklar líkur séu á því að það náist að útfæra hagræðingarkröfuna að fullu í lok sumars.

Þá var farið yfir stöðu fjárfestinga eftir fyrstu fjóra mánuði ársins, en á tímabilinu hafi verið fjárfest fyrir 100 m.kr. Heildaráætlun ársins sé 313 m.kr. Á árinu hafi verið fjárfest í dreifikerfinu, CDN kerfinu, sjálfvirku útvarpsfréttastúdíói og IT málum. Framundan séu fjárfestingar vegna endurbóta á Útvarphúsinu, öryggismála og nýjum vef ruv.is.

Staða á birgðum sýningarrétta var kynnt en staða birgða hafi hækkað umtalsvert frá því í febrúar eftir að samið var um sýningarrétti af stórmótum í íþróttum.

Kaup af sjálfstæðum framleiðendum á fyrstu fimm mánuðum ársins námu 199 m.kr. en samkvæmt þjónustusamningi mun RÚV kaupa efni af sjálfstæðum framleiðendum fyrir a.m.k. 12% af þjónustutekjum vegna innheimts útvarpsgjalds, sem séu 533 m.kr. á árinu 2021. Innkaupaáætlanir gera ráð fyrir að efni frá sjálfstæðum framleiðendum verði umfram það sem þjónustusamningurinn kveði á um.

Þá var farið yfir þróun fjölda starfsmanna og greiðslur til verktaka. Starfsmönnum hafi fækkað töluvert undanfarið ár, eða um 8%. Ástæðan sé vegna hagræðingaraðgerða í kjölfar lækkun þjónustutekna milli ára og einnig minni auglýsingatekna. Greiðslur til verktaka hafa einnig lækkað samanborið við sama tímabil á árinu áður.

Ákveðið var að fá forstöðumann tæknisviðs til þess að ræða um dreifikerfismál inn á stjórnarfund í haust.

3) Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri fór yfir stöðuna á stefnumótunarsvinnunni samkvæmt tímalínu sem unnið væri eftir.

Kosningaundirbúningurinn sé á fullum gangi og verða hefðbundnar kappæður með forystumönnum stjórnarmálaflokkana haldinn um mánaðarmótin ágúst/september. Þá sé stefnt að því að vera með sérstakt

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "M.G.J.", "S.S.", "J.T.", and "S.S.T.M.J.".

kosningahlaðvarp þar sem gefst tækifæri að vera með enn dýpri umfjöllun um kosningarnar. Kosningarnar séu einnig mikið og stórt verkefni hjá hugbúnaðardeildinni. Þá muni RÚV setja sér reglur um kosningaumfjöllunina í ágúst sbr. þjónustusamningi RÚV og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Breytingar séu framundan á táknafréttum. RÚV sé búin að semja við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra um táknafréttunum kl. 19 og Krakkafréttu frá og með 1. september 2021. Táknafréttir verði teknar af dagskrá þann sama dag. Að mati útvarpsstjóra sé þessi ákvörðun tímabær og felur í sér aukna þjónustu af hálfu RÚV. Táknafréttirnar hafa litlum breytingum tekið undanfarna áratugi, á sama tíma og aðgengi að fréttum í gegnum samtímatextun, miðlun fréttu á vef o.fl. hafi þróast hratt og mikið. Hins vegar sé mikilvægt að skoða nákvæmlega hvernig RÚV geti aukið enn frekar og bætt þjónustu við döff fólk. Þá má nefna að gerð var könnun sem félag heyrnarlausra stóð að var niðurstaða hennar að það var afgerandi mikill meirihluti sem kys táknafréttir allan ársins hring. Þetta fyrirkomulag verður kynnt táknafréttunum formlega á næstunni en þeim hafi áður verið kynnt að RÚV stefni að þessum breytingum haustið 2019.

Ákveðið hafi verið að hækka úthlutun úr tónskáldasjóði um 10 m.kr. Að auki greindi útvarpsstjóri stjórn erindi sem eru til umfjöllunar hjá fjölmiðlanefnd m.a. vegna auglýsingatíma RÚV í kringum Krakkafréttir. Útvarpsstjóri gerir ráð fyrir að það muni þurfa að breyta staðsetningu Krakkafréttu í línulegri dagskrá RÚV. Í kjölfarið hafi jafnframt komið fyrirspurn um auglýsingar í kringum útsendingu á Sögur verðlaunahátíð sem sýnd var frá í vor.

Útvarpsstjóri kynnti stjórn húsnæðisbreytingar sem verið sé að vinna að þessi misseri.

Að undanfögnu hafi verið haldnir reglubundnir stjórnendafundir þar sem um 20-30 stjórnendur koma saman a.m.k. einu sinni í mánuði og farið yfir ýmis mál og hafa fundirnir mælst vel fyrir.

Unnið sé að því að byggja upp rafrænt fræðslukerfi hjá RÚV. RÚV nýtti sér atvinnuúrræði stjórnvalda nú í sumar og réð inn manneskju frá Ícelandair sem sá um rafrænt fræðslukerfi flugmanna hjá félaginu. Þá var ráðinn inn starfsmaður í gegnum sama úrræði sem hefur það hlutverk að þýða fréttir RÚV yfir á pólsku.

Skipulag haustsins og vetrarins sé nú í fullum gangi. Framkvæmdastjórar og dagskrár- og fréttastjórar munu koma inn á stjórnafundi nú í haust. Gert sé ráð fyrir að dagskrárstjórar komi inn nú í ágúst og framkvæmdastjórar í september og fréttastjórar í október.

Útvarpsstjóri tók við formennsku í stýrihópi hjá EBU, DEI – Diversity, equity and inclusion. Horft hafi verið til bakgrunns útvarpsstjóra þegar leitað var til hans með þessa ábyrgðarstöðu. Jafnframt hafi mikið verið horft til RÚV vegna jafnréttismála. T.d. hefur BBC tekið upp viðmælendagreininguna sem RÚV hefur verið að nota.

Þá hafi starfsfólk og verkefni á vegum RÚV fengið ýmsar viðurkenningar á undanfögnu og Felix Bergsson verið kjörinn inn í stjórn Eurovision. Mikill heiður fyrir RÚV að hann hafi fengið þetta mikilvæga verkefni – þetta sé stærsti sjónvarpsþáttur í heimi.

Mörður Árnason vakti athygli á að nú væri tveir starfsmenn RÚV komnir inn í forrystusveit EBU og óskaði eftir yfirliti um aðild Ísraels að EBU, sögu og viðhorfi.

Mörður Áslaugarson minnti á beiðni sína síðan á síðasta stjórnarfundi um stöðu upplýsingatækniöryggi RÚV.

Útvarpsstjóri kvaðst þurfa lengri tíma til að útbúa umbeðin gögn. Það sé þarft að yfirfara þessi mál vel og komi mjög vel við almannaþjónustuhlutverki RÚV. Upplýsingar um stöðuna á þessum málum komi væntanlega inn á ágústfundinn eða jafnvel septemberfundinn. Þá nefndi útvarpsstjóri að þetta DEI verkefni hjá EBU sé stýrinfund en ekki sambandið sjálft. Margvísleg erfið pólitísk mál sem hafa komið upp hjá EBU. Til

MBT BBE ISS JÓ
SÖD:WT

að mynda það sem hafi verið að gerast í Austur Evrópu með skert fjölmiðlafrelsi, t.d. í Ungverjalandi. Verkefni hans sé að stýra þessari nefnd sem muni hittast nokkrum sinnum á ári.

Brynjólfur Stefánsson nefndi að hans mati sé mikilvægt að stíga varlega til jarðar að beita RÚV pólitískt í þessu EBU samstarfi.

Mörður Áslaugarson lagði fram tillögu sem hann sendi á stjórn fyrir fundinn og óskaði þess að hún verði rædd og kosið um hana. Ályktunin var svohljóðandi:

Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. fagnar því að útvarpsstjóra hafi verið boðið að gegna formennsku í stýrihópi á vettvangi EBU um fjölbreytni, jafnræði og þátttökaðgengi (e. Steering Group on Diversity, Equity and Inclusion).

Stjórnin styður útvarpsstjóra í verkefninu. Ríkisútvarpið hefur lagt megináherslu á jafnrétti í allri starfsemi eins og glögglega endurspeglast í metnaðarfullri jafnréttisáætlun og góðum árangri á því sviði. Ríkisútvarpið hefur því talsverða reynslu á því sviði sem stýrihópurinn starfar.

Stjórnin minnir á að í þeim löndum sem tilheyra EBU er pottur víða brotinn varðandi jafnrétti kynjanna, jafnræði kynþátta og trúarhópa þar sem apartheit stefnu er fylgt af hálfu stjórnvalda. Einnig má beina sjónum að aðgengi fatlaðra og annarra jaðarsettra hópa. Samvinna og umræða um fjölbreytni og aðgengi allra borgara að fjölmiðlum í almannabágu er mikilvæg og er viðeigandi að útvarpsstjóri taki þar forystuhlutverk.

Stjórnin ákvað að taka ekki afstöðu til tillögunnar en vísaði henni til útvarpsstjóra en Björn Ólafsson og Mörður Árnason sátu hjá og Mörður Áslaugarson var á móti þessari ákvörðun stjórnar.

Mörður Árnason óskaði þess að á næsta stjórnarfundum verði ræddar reglur um hlutlægni og áreiðanleika RÚV varða eftirlit og viðbrögð við frávikum. Þessar reglur voru settar af stjórn árið 2017.

4) Önnur mál

Næsti fundur verði haldinn síðasta miðvikudag í ágúst. Fundi slitið.

Jóhanna Þorbjörg
Brynjólfur Stefánsson
Jón Ólafsson
Björn Ólafsson
Séð: Tjargreif Trýggvadóttir
Austur Evrópa
Marta Guðrún Jóhannsdóttir